

LÖG

um

breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett.

37

4. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Þessar breytingar skal gera á eftirtöldum greinum laga nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett: 4. gr., 5. gr., 6. gr., 9. gr., 38. gr., 45. gr., 53. gr., 54. gr. og 56. gr.

1. gr.

Við 4. gr.: Greinin orðist svo: Hæstarjett skipa 3 dómara, og er einn þeirra forseti dómsins. Konungur skipar dómara, en þeir kjósa sjer forseta úr sínum hópi, til ekki skemri tíma en eins árs í senn.

2. gr.

Við 5. gr.: Í stað „5“ komi: 3. — 2. málsgrein falli niður.

3. gr.

Við 6. gr.: Í stað orðanna: „dómari (bæjarfógeti) landsins“ komi: hjeradsdómari.

4. gr.

Við 9. gr.: Í stað: „Konungur“ komi: Rjetturinn. — Orðin: „með 1. einkunn“ falli burt. — Við greinina bætist: Hæstarjettarritari nýtur þeirrar þóknunar, er ákveðin er í fjárlögum.

5. gr.

Við 38. gr.: 2. tölul. orðist svo:

Ef rjetturinn leyfir það, enda hafi að minsta kosti annar aðilja eða umboðsmanna óskað þess.

37
4. júní

6. gr.

Við 45. gr.: Á eftir 3. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi: Nú gerir einhver dómaranna ágreiningsatkvæði, og á hann þá heimting á því, að það verði birt í dómasafni rjettarins ásamt dóminum.

7. gr.

Við 53. gr.: Greinin falli burt.

8 gr.

Við 54. gr.: Greinin falli burt.

9. gr.

Við 56. gr.: 2. málsgrein orðist svo: Hæstarjettardómarar eiga sæti í landsdómi.

10. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda, er sæti fasts dómara losnar næst í hæstarjetti. Ekki fer kosning dómstjóra fram meðan núverandi dómstjóri situr í embætti.

11. gr.

Alstaðar í lögum nr. 22, frá 1919, kemur í stað orðsins: „dómstjóri“ forseti.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.